



Reykjavíkurborg

Umhverfis- og skipulagssvið

Reykjavík, 16. nóvember 2020

USK2020100059

5.11

Borgarráð

Strætóbiðstöðvar. Endurgerð og aðgengismál.

Óskað er eftir að borgarráð heimili umhverfis- og skipulagssviði að bjóða út fyrsta áfanga framkvæmda við endurbætur á umhverfi strætóbiðstöðva vegna aðgengismála.

Kostnaðaráætlun 2 er 30 mkr. Áætlaður framkvæmdatími er nóvember- desember 2020.

Verkefnið er hluti af áætlun um að flýta fjárfestingarverkefnum Reykjavíkurborgar með það að markmiði að veita viðspyrnu við atvinnuleysi af völdum COVID-19.

Verkefnið var kynnt í aðgengis- og samráðsnefnd í málefnum fatlaðs fólks 16. nóvember 2020.

Greinargerð:

Í 1. áfanga er um að ræða framkvæmdir á 14 strætóbiðstöðvum. Yfirborð er endurgert og lagfært. Bætt er aðgengi fyrir alla s.s. með leiðilínunum fyrir sjónskerta og lagfæringum á hæðarlegu til að bæta aðgengi hreyfihamlaðra.

Kostnaðaráætlun 2: vegna 1. áfanga: 30 mkr.


Kostnaðarstaður: 3106

Framkvæmdirnar mynda stofn til gatnaleigu.

Ámundi Brynjólfsson,
skrifstofustjóri framkvæmda og viðhalds

Hjálagt:

Yfirlitsmynd



Strætóbíðstöðvar - Endurbætur Maðilvörð 1:10000	STRÆTÓBÍÐSTÖÐVAR - ENDURBÆTUR Staðsetningar Yfirlitsmynd Reykjavíkurborg Umhverfis- og skipulagssvið Borgartún 12-14 105 Reykjavík Sími: 411 1111 Október 2020
---	---